LANDSSAMBAND
smábátaeigenda
KLAPPARSTÍG 27 PÓSTHÓLF 163
121 REYKJAVÍK SÍMI 552 7922
PÓSTFAX 562-6590
Netfang: nasbo@vortex.is

28. apríl 2000

Alþingi
Erindi nr. Þ/125/1886
komudagur 28.4.2000

**Samgöngunefnd Alþingis**
**Árni Johnsen formaður**

Efni: Umsögn um 567. mál, frumvarp til laga um rannsókn sjóslysa og 568. mál, frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Landssamband smábátaeigenda telur að frumvarpið, verði það að lögum, muni efla sjóslysarannsóknir og eigi ef rétt verður að málum staðið, að geta eflt forvarnir til að fækka slysum á sjó og auka öryggi skipa og sjómanna.

Ákvæði um

- algjört sjálfstæði sjóslysarannsóknar
- skýrt sé kveðið á um að það vinnulag sem í hugum margra hefur einkennt störf nefndarinnar að draga fram sökudólg skuli lagt á hilluna
- úrvinnslu úr niðurstöðum nefndarinnar

fagnar L.S. sérstaklega og er ekki í nokkrum vafa um að þessi ákvæði séu mjög til bóta.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að við rannsókn sjóslysa starfi 5 manna nefnd. L.S. telur vegna eðli þeirra mála sem þarna geta hæglega orðið muni farsælla, árangursríkara og ódýrara að í nefndinni verði 3 menn og leiti þá frekar eftir sérfræðiaðstoð telji hún sig þurfa.

**Virðingarfyllst**

Örn Pálsson

Örn Pálsson framkvæmdastjóri